



Kópavogur 3. október 2023

B.t. Innviðaráðuneytis  
Skrifstofa húsnæðis- og skipulagsmála  
[irn@irn.is](mailto:irn@irn.is)  
Sölvahólsgötu 7 – 101 Reykjavík

### Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um drög að hvítbók um skipulagsmál og umhverfismatskýrslu

Vísað er til framlagðrar tillögu að hvítbók um skipulagsmál sem kynnt var á samráðsgátt stjórnvalda 20. september 2023 til loka október 2023.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) sendu umsögn dags. 23. ágúst 2023 um tillögu að grænbók um skipulagsmál, stöðumat og valkostir. Meðfylgjandi er samantekt helstu efnisatriðua sem fram komu í umsögn SSH og samsvarandi umfjöllun í drögum að hvítbók.

Umsögn SSH vegna grænbókar	Umfjöllun í hvítbók
Lagt til að vikið sé að vinnu innviðaráðuneytis við endurskoðun skipulagslaga er varðar tímabindingu uppbyggingarheimilda og gerð grein fyrir mögulegum áhrifum á framfylgd landsskipulagsstefnu, sér í lagi m.t.t. áherslna ráðherra um „fjölbreytt framboð húsnæðis“ og „öflug sveitarfélög“.	Ekki er að sjá að umfjöllun um tímabindingu uppbyggingarheimilda komi fram í hvítbók. <b>Tillaga SSH</b> Að í landsskipulagsstefnu verði vikið að tímabindingu skipulagsheimilda og áhrifa á landsskipulagsstefnu.
Lagt til að talning á fjölda íbúða í samþykktu skipulagi sveitarfélaga, og fjölda íbúða sem er í skipulagslegu ferli, verði unnin á landsvísu, sbr. talning hjá SSHP „þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins“.	Í aðgerðaráætlun hvítbókar fyrir árin 2024-2028 segir undir aðgerð 3 (Skipulag mætir húsnæðisþörf): <i>„Til að tryggja gott yfirlit yfir byggingarheimildir þarf að koma á fót lifandi gagnagrunni sem gefur yfirlit yfir heimildir til íbúðaupbyggingar á þegar skipulögðum íbúðareitum og á þeim reitum sem eru í skipulagsferli. Horft verður sérstaklega til þeirra möguleika sem felast í stafrænni deiliskipulagsgerð“.</i> <b>Tillaga SSH</b> Ofangreindri aðgerð er fagnað. Lagt er til að horft sé til þeirrar vinnu sem hefur verið unnin á vettvangi SSH og að hugað verði að því umræddur gagnagrunnur sýni upplýsingar á borð við aldur samþykkttra skipulagsheimilda, staðsetningu, hve langan tíma taki að gera skipulagssvæði byggingarhæft, hvort gert sé ráð fyrir félagslegu eða öðru almennu húsnæði á skipulagssvæði og nálægð við almenningsamgöngur og hágæða almenningsamgöngur.



<p>Lagt til að vikið sé sérstaklega að samkeppnishæfi höfuðborgarsvæðisins og eflingu þess, þ.á.m. vinnu starfshóps innviðaráðherra þess efnis.</p> <p>Lagt er til að í umfjöllun um samkeppnishæfni sé dregin fram sambærileg umfjöllun og sú stefnumörkun sem birtist í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins varðandi samspil skipulags og samgönguinnviða, með uppbyggingu Borgarlínu meðfram samgöngu- og þróunarása innan höfuðborgarsvæðisins.</p>	<p>Í hvítbók kemur fram að samkeppnishæfni atvinnulífs er eitt af þremur meginmarkmiðum stjórnvalda í skipulagsmálum, ásamt verndun umhverfis og náttúru og góðu samfélagi.</p> <p>Fjallað er um framfylgd landsskipulagsstefnu í kafla 7 og hvernig áherslur stefnunnar komi til framkvæmda í skipulagsgerð sveitarfélaga og eftir atvikum hjá stjórnvöldum.</p> <p>Í kafla 7.3 er vikið að markmiðum um samkeppnishæfni atvinnulífs og sérstaklega vikið að borgarsvæðum í áherslu í bls. 64 þar sem segir:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• <i>Í skipulagi borgarsvæða verði lögð áhersla á þætti sem eru líklegir til að styrkja alþjóðlega samkeppnishæfni svæðis með því að nýta styrkleika og sérstöðu þess, s.s. hvað varðar aðgengi að mannaúði, endurnýjanlegri orku, auðlindum, grunnneti samgangna (alþjóðlegar gáttir), stöðugleika, stjórnsýslu og þjónustu.</i></li><li>• <i>Í skipulagi borgarsvæða verði horft til sérkenna og gæða hins byggða umhverfis og öflugra innviða með það að markmiði að tækifæri, lífskjör og búsetuskilyrði séu sambærileg nálægum borgarsvæðum.</i></li><li>• <i>Í skipulagi borgarsvæða verði litið til samanburðar við sambærileg borgarsvæði og sá samanburður nýttur til að móta áherslur í skipulagi og innviðafjárfestingum.</i></li><li>• <i>Í skipulagi í þéttbýli verði lögð áhersla á sjálfbærni borgarsvæða, sem verði eftirsótt til búsetu og atvinnu og skapi umgjörð fyrir efnahagslega drifkrafta og nýsköpun.</i></li></ul> <p><b>Tillaga SSH</b></p> <p>Fyrirliggjandi umfjöllun er fagnað.</p> <p>Við áframhaldandi vinnu við landsskipulagsstefnu er lagt til að stjórnvöld skilgreini hvað átt sé við með orðinu „borgarsvæði“, í ljósi þess að ekki er vikið sérstaklega að höfuðborgarsvæðinu í stefnunni, sem óumdeilt að er eina borgarsvæði á Íslandi, og hlutverki þess til að auka samkeppnishæfni landsins alls, en í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins (aðgerð 3.2.8) er sérstaklega kveðið á um hlutverk ríkisins m.t.t. til þess.</p> <p>Einnig er lagt til að skerpt verði á því hvaða sérkenna og gæða í sambærilegum borgarsvæðum erlendis stjórnvöld séu að horfa til.</p> <p>Þá megi einnig gera grein fyrir hvernig stjórnvöld sjá fyrir sér samspil atvinnulífs og almenningsamgangna m.t.t. ofangreindra áherslna sem eigi að stuðla að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs, en í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins kemur m.a. fram stefnumörkun þess efnis að leggja skuli áherslu á uppbyggingu atvinnuhúsnaðis á kjörnum og samgöngumiðaðum þróunarsvæðum, í tengingu við vistvænar samgöngur.</p> <p>Auk þess er bent á aðgerð 3.1.10 í svæðisskipulagi þar sem lagt er til að ríkið og sveitarfélög vinni saman að markvissri uppbyggingu þekkingamiðstöðvar og höfuðborgarsvæðisins sem háskólaborgar, sem</p>
--	---



	<p>gæti komið til framkvæmda í landsskipulagsstefnu, til dæmis í aðgerðarðáætlun stefnunnar frá 2024 til 2028.</p>
<p>Lagt er til að umfjöllun um samgöngusáttmála og uppbyggingu Borgarlínu með sérrými komi til umfjöllunar í hvítbók.</p> <p>Lagt er til að gert sér frekari grein fyrir mikilvægi þess að breyttar ferðavenjur komist til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu.</p>	<p>Ekki er að finna sérstaka umfjöllun um samgöngusáttmála, Borgarlínu eða hágæða almenningssamgangna í sérrými. Þó er vikið að tengingum einstakra aðgerða hvítbókar við Samgönguáætlun. Einnig kemur fram í umfjöllun um „framfylgd landsskipulagsstefnu“ að stefnumörkun hafi áhrif á aðrar áætlanir stjórnvalda, eins og samgönguáætlun.</p> <p>Í hvítbók er að finna fjölbreytta umfjöllun um „vistvæna ferðamáta“, „virka ferðamáta“ og áherslu á eflingu og aukið hlutfall þeirra. Í mælikvarða fyrir „gott samfélag“ kemur fram að einn lykilmælikvarði er „hlutfall vistvænna ferðamáta“ en hér er gert ráð fyrir að það eigi við breyttar ferðavenjur.</p> <p><b>Tillag SSH</b></p> <p>Í ljósi mikillar áherslu hvítbókar á loftslagsmál, loftslagsbreytingar og aðgerðir til að vinna gegn þeim, er lagt til að skerpt sé á hugtökunum „vistvænir og virkir ferðamátar“ og að umfjöllun um almenningssamgöngur, sérstaklega hágæða almenningssamgöngur í sérrými sem ganga títt, fái aukna umfjöllun í áframhaldandi vinnu við landsskipulagsstefnu, og að framtíðarstefna stjórnvalda í fyrrnefndum málefnum sé skýrð frekar, þ.á.m. hver sé framtíðarstefna stjórnvalda fyrir ferðamatanna gangandi, hjólandi og almenningssamgöngur, yfir gildistímabil landsskipulagsstefnu.</p> <p>Líkt og kom fram í umsögn SSH við grænbók, er höfuðborgarsvæðið í lykilstöðu til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með breyttum ferðavenjum, í ljósi þess mannfjölda sem býr á svæðinu og sækir vinnu, skóla og þjónustu.</p>
<p>Lagt er til að í landsskipulagsstefnu komi fram stefnumörkun um 15/20 mínútna hverfið/bæinn.</p>	<p>Ekki er að finna sérstaka umfjöllun um 15/20 hverfið/bæinn né umfjöllun um hvað stjórnvöld telja ásættanlegar vegalengdir fyrir íbúa til að ganga eða hjóla til að sækja grunnþjónustu í nærumhverfi.</p> <p>Hins vegar segir í umfjöllun um framfylgd landsskipulagsstefnu, áherslu g. bls. 49, um þéttbýli:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• <i>Við skipulag byggðar og bæjarhönnun í þéttbýli verði stuðlað að gæðum í hinu byggða umhverfi og sett fram stefna og ákvæði um byggðamynstur og mælikvarða, og samspil byggðar, bæjarrýma og samgangna.</i></li><li>• <i>Við skipulag byggðar og bæjarhönnun verði tekið tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og byggingararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda. Yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð.</i></li><li>• <i>Skipulag byggðar skapi góð skilyrði til búsetu og góða umgjörð um mannlíf á hverjum stað með vandaðri og viðeigandi hönnun byggðar og almenningsrýma. Við skipulagsgerð verði byggt á leiðbeiningum um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli, Mannlíf, byggð og bæjarrými.</i></li></ul>



- Í skipulagsáætlunum verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um bæjarrými og bæjarhönnun sem tryggir gott framboð þjónustu ásamt fjölbreyttum og lifandi bæjarrýmum þar sem hugað er að heilnæmi og öryggi umhverfisins og góðum innbyrðis tengslum.
- Í skipulagi verði gert ráð fyrir heildstæðu kerfi vandaðra almenningsrýma og útivistarsvæða af mismunandi stærð og gerð sem henta fyrir hreyfingu, leik, samskipti og endurnæringu ólíkra aldurs- og getuhópa.
- Í skipulagi verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um gróður og náttúru í hinu byggða umhverfi með það að markmiði að fegra og bæta umhverfi, skapa aðlaðandi og áhugaverða umgjörð um hreyfingu og útiveru og í þágu loftslagsmála með viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbærum ofanvatnslausnum.

#### Tillaga SSH

Ofangreindri umfjöllun er fagnað en lagt er til að í landsskipulagsstefnu verði mörkuð skýrari stefna um áherslu stjórnvalda í lykilþáttum sem eru líklegir að stuðla að aðlaðandi umhverfi sem veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta. Þar mætti til dæmis draga fram hvað teljist vera ásættanleg gönguvegalengd í verslun, þjónustu og almenningsgöngur, hvaða byggðaeinkenni þyki vera ákjósanleg, hvaða gæði í mannvirkjum og útivistarsvæðum séu lögð til grundvallar, o.s.frv.

Þá er því fagnað að í hvítbók vísað sé til leiðbeininganna, Mannlíf byggð og bæjarrými: Sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur, en þá er velt upp þeirri spurningu hvort áherslur sem komi fram í leiðbeiningum eigi að gera frekari skil í landsskipulagsstefnu, líkt og áherslu á forgangsstöðun pláss í bæjarrýmum fyrir virka ferðamáta og vistvænar samgöngur, og áherslu á þjónustu í göngufæri við íbúa, sbr. tillaga um stefnumörkun um 15/20 hverfið/bæinn.

Það er von SSH að ofangreindar athugasemdir verði teknar til efnislegrar umfjöllunar við áframhaldandi vinnu við gerð landsskipulagsstefnu, en SSH áskilja sér rétt til frekari athugasemda eftir að tillaga að landsskipulagsstefnu verður kynnt opinberlega.

Virðingarfyllst, f.h. SSH

Páll Björgvin Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri SSH

Fylgigögn

Umsögn SSH við grænbók um skipulagsmál, stöðumat og valkostir, dags. 23. ágúst 2023